

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. ágúst 2008
Tilvísun: UST20080700152/sf

Kröfluvirkjun II, allt að 150 MW jarðhitavirkjun í Skútustaðahreppi - tillaga að matsáætlun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Kröfluvirkjunar II í Skútustaðahreppi, allt að 150 MW.

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun með bréfi dags. 3. júní sl. Í töflu 2 í kafla 7.4 í tillögu að matsáætlun eru tilgreindar helstu athugasemdir sem framkvæmdaraðila bárust við drög að tillögu að matsáætlun, þ.á m. frá Umhverfisstofnun, og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim athugasemdum. Samkvæmt því sem þar kemur fram verður ekki betur séð en að framkvæmdaraðili muni í frummatsskýrslu fjalla um flesta þá þætti sem athugasemdir Umhverfisstofnunar vörðuðu. Umhverfisstofnun vill þó gera eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina.

Efnistaka

Samkvæmt umfjöllun um efnistöku í köflum 3.1. og 3.12 er gert ráð fyrir efnistökusvæði nokkrum kílómetrum austan við afleggjarann að Kröflu. Staðsetning þeirrar námu er þó ekki sýnd á teikningum sem fylgja matsáætluninni.

Safnæðar/gufulagnir

Umhverfisstofnun ítrekar þá athugasemd að í frummatsskýrslu eigi að fjalla um þann valkost að hafa lagnir að einhverju leyti niðurgrafnar eða hylja að öðru leyti.

Verndun Mývatns og Laxár

Í umfjöllun um verndun Mývatns og Laxár í kafla 4.3 segir m.a.:

„Fyrirhuguð framkvæmd er utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og er ekki talin hafa áhrif á Mývatn, Laxá eða ofangreind votlendissvæði. Við framkvæmdir verður tekið tillit til þess að vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár nær til Kröflusvæðisins samanber lög nr. 97/2004.“

Umhverfisstofnun bendir á að þó framkvæmdirnar hafi ekki bein áhrif á framangreind svæði geta óbein áhrif orðið vegna losunar affallsvatns. Samkvæmt kafla 5.5.5 í tillögu að

matsáætlun verður í frummatsskýrslu fjallað um niðurstöður rannsókna á grunnvatnsrennsli og eiginleikum grunnvatns, áform um vatnsöflun, leiðir til förgunar affallsvatns og hugsanleg áhrif vegna losunar affallsvatns. Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt að fullyrða að áhrifin á framangreind svæði verði engin fyrir en niðurstaða í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda liggur fyrir.

Loftegundir

Umhverfisstofnun ítrekar ábendingar þess efnis að meta verði, þegar gögn um áætlaða losun og dreifingu brennisteinsvetnis liggja fyrir, hvort ástæða sé til að setja upp tæki til símælinga á brennisteinsvetni á völdum stöðum t.d. í Reykjahlíð. Þegar heildarlosun brennisteinsvetnis liggur fyrir þarf út frá þeim gögnum að meta hvort ástæða sé til að vakta ástand gróðurs í nágrenni virkjunarsvæðisins. Einnig þyrfti að meta út frá gögnum um þungmálma í gufunni hvort ástæða sé til að vakta magn þungmálma í mosa á svæðinu.


Útivist / ferðamennska

Svæðið við Kröflu er fjölsóttur ferðamannastaður, en þangað koma þúsundir ferðamanna árlega. Fyrst og fremst eru það jarðhitasvæðið við Leirhnjúk og Víti sem laða ferðamenn að svæðinu.

Í umsögnum Umhverfisstofnunar um skipulagstillögur er varða Kröflusvæðið hefur komið fram það álit stofnunarinnar að stækkun vinnslusvæðisins við Leirhnjúk og Víti og framkvæmdir þar muni hafa neikvæð áhrif á svæði sem hefur náttúruverndargildi og nýtingu þess til útivistar og ferðamennsku. Stofnunin hefur einnig vakið athygli á að engar leiðslur eru í dag á svæðinu milli Vítis og Leirhnjúks en lagnir þar myndu auka sjónræn áhrif jarðhitanytingar á Kröflusvæðinu. Þá vakti Umhverfisstofnun athygli á því í umsögn um matsskyldu djúpborunar við Kröflu að ef borað yrði við Vítismó yrði borinn nánast í beinni sjónlínu á milli Vítis og Leirhnjúks, en það myndi snarbreyta ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að sérstaklega verði gerð grein fyrir breytingum á ásýnd Kröflusvæðisins séð frá þeim svæðum sem hafa hvað mest aðdráttarafl fyrir ferðamenn og hvernig sjónræn áhrif mannvirkja og áhrif á landslag gætu haft áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu.

Virðingarfyllt


Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri